Verkefnatillaga
Dags: 15. Maí 2019.

Verkefni 1	**Velferðartæknimiðstöð**
Markmið (SMART)	Markmið verkefnisins er að vinna að athugun og undirbúning að stofnun þjónustu og þekkingarmiðstöðvar á sviði velferðartækni sem hefði að leiðarljósi að nýta nýjustu tækni til að upplýsa, leiðbeina, veita ráðgjöf og hvetja til aukinnar og almennrar notkunar á nýjustu tækni og hjálpartækjum fyrir einstaklinga sem þurfa aðstoð við daglegt líf og athafnir. Miðstöðin þjóni íbúum sveitarfélaga á norðurlandi eystra og mögulega öllu landinu. Verkefnið verði unnið á næstu mánuðum og verði lokið í október/ nóvember 2019.
Stutt verkefnalýsing	Tæknibylting nútímans er stundum kölluð fjórða „iðnbyltingin“ og er hluti af daglegum veruleika fólks. Eldra fólki fjölgar ört og á næstu áratugum má gera ráð fyrir að hlutfall eldra fólks hækki verulega og þar með hlutfallslega færri einstaklingar á vinnumarkaði. Nýr veruleiki kallar á nýjar lausnir og nýsköpun í velferðarþjónustu. Aukin lífsgæði og sjálfsbjörg einstaklinga með aðstoð nútímatækni er forsenda þess að hægt sé að halda upp lífsgæðum og þeirri samfélagsþjónustu sem við búum við í dag. Hugmyndin hér gengur út á að koma á fót tækni og þjónustumiðstöð sem hafi það meginviðfangsefni að aðstoða og veita ráðleggingar til einstaklinga sem þurfa að nýta sér hjálpartæki eða tæknilegar lausnir til að takast á við færniskerðingu vegna veikinda eða áfalla, fötlunar eða breyttrar getu við athafnir dagslegs lífs. Nútímatækni, stöðug þróun og snjallar lausnir gera að ýmsar daglegar athafnir sem einstaklingar með fötlun eða aðrar skerðingar gátu ekki leyst án aðstoðar hjálparfólks, eru nú leysanlegar með hjálpartækjum og tæknilegum lausnum. Á þann hátt er í dag hægt að búa við meira sjálfræði og meiri sjálfsbjörg en áður hefur verið mögulegt fyrir einstaklinga með skerðingar. Dæmi um þetta eru ýmis tæki og útfærslur við hússtjórn s.s. við stjórn birtu og lýsingar, þrif, gervigreind og samskipti við ýmis tæki o.m.fl. Framþróun og nýjungar í þessum tækjum og tækni er mjög hröð og enn sem komið er, er ekki starfrækt upplýsinga og þekkingarmiðstöð sem hefur það verkefni að fylgjast með og veita upplýsingar, stuðning og ráðgjöf til þeirra sem þurfa slík úrræði. Fyrir samfélagið í heild og þar með íbúa sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, skiptir miklu að einstaklingum sé gert kleyft að hafa aðgengi að og nýta sér nýjustu tækni og lausnir á hverjum tíma, enda takmörk á þeim fjármunum, tíma og mannafla sem til ráðstöfunar er til að sinna velferðarþjónustunni. Staðfest er að hagkvæmast er fyrir samfélagið og fyrir lífsgæði einstaklinga að lausnir miðist við að viðhalda og efla sjálfsbjargargetuna enda er það yfirlýst markmið velferðarþjónustunnar. Afrakstur verkefnisins til lengri tíma litið, er því stofnun velferðartæknimiðstöðvar, mögulega í samstarfi margra sveitarfélaga og opinberra stofnana, og hugsanlega með samstarfi við fyrirtæki á sviðinu. Þessi umsókn gengur út á að hefja þann undirbúning, forkönnun og hagkvæmnis athugun með tilliti til samstarfsaðila, markaðarog tækni.

	Hluti af því væri svo að stofna velferðartækni-miðstöðina og jafnframt undirbúa umsóknir og vinna að fjármögnun starfseminnar.
Framkvæmdaaðili	Öldrunarheimili Akureyrar
Samstarfsaðilar	Sveitarfélög á Norðurlandi eystra og mögulega víðar, Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar, Sjúkratryggingar Íslands (hjálpartækjamiðstöð), Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Sjúkrahúsið á Akureyri, Háskólinn á Akureyri, Öryggismiðstöðin, Securitas / Umhuga ehf, Búsetusvið og Fjölskyldusvið Akureyrarbæjar, Hnjúki ehf. / Lagnabræður, Eyrberg, Fastus, Frumbjörg, Farsæl öldrun þekkingarmiðstöð og Velferðarsvið Reykjavíkur. Verkefnahugmyndin hefur verið lauslega rædd eða kynnt flestum þessum aðilum og einnig fulltrúum frá velferðarþjónustu nokkurra sveitarfélaga á Norðurlandi (t.d. Fjallabyggð, Eyjafjarðarsveit, Dalvík, Skagafirð).
Tengsl við sóknar-áætlun 2015-2019	Kaflar: 3.2 Atvinnuþróun og nýsköpun, sbr. áherslur í kafli 4.2.um atvinnuþróun og nýsköpun og búseta og innviðir. Kafli 4.3 Skapandi greinar og kafli 4.4 um samstarf og sameiginlega stefnumótun sveitarfélaga. Í 5 kafla fellur efnið umsóknar að: 2. meginmarkmið. Öflugt nýsköpunar- og þróunarumhverfi 2.1. Styðja við nýsköpun og markaðsstarf. 2.2. Efla samvinnu og samtal skapandi greina. 3. meginmarkmið. Aukin fjarvinna og fjarþjónusta (sjá einnig markmið um fjarskiptainnviði í kafla um búsetu og innviði). 3.1. Fjölga opinberum störfum í landshlutanum sem eru skilgreind án staðsetningar. 11. meginmarkmið. Öflugir innviðir sem þjóna þörfum landshlutans. 11.3. Tryggja aðgengilega grunnþjónustu. Og er þá ótalin áhersla á sjálfbærni svæðisins og fjölgun/fjölbreytni starfa og þekkingaruppbyggingu á Norðurlandi.
Árangursmælikvarði/ar	Áfangar að gera eftirfarandi: • Setja á fót 3-5 manna stýrihóp/verkefnisstjórn úr hópi þeirra sem vilja og munu koma að vinnu við verkefnið • Ráða starfsmann/verkefnastjóra til starfa, t.d. skoða möguleika með háskólamenntaðan einstakling í samstarfi við Vinnumálastofnun. • Setja upp lista hagsmunaaðila og tengiliða sem ræða þarf við um verkefnahugmyndina. • Vinna nánari greiningar og útfærslu á hugmynd og markmiðum, hefja frumathugun, markaðsathugun og frumgerð rekstraráætlunar. • Funda með hverjum aðila og síðar með þeim aðilum saman sem eru áhugasamir um næstu skref. • Vinna að gerð stofnsamnings, samþykkta og stofnunar miðstöðvarinnar • Undirbúa umsókn um frekari styrki, á síðari hluta árs 2019.
Lokafurð	Ný stofnun/þjónustueining á sviði velferðartækni, sérhæfð þekkingar og þjónustumiðstöð.
Tímarammi	Unnið á tímabilinu júlí til nóv. 2019.
Heildarkostnaður	2.259.000 kr.
Framlag úr sóknaráætlun 2019	2.259.000,kr.

S	Skýr	mikilvæg,læsileg og skiljanleg.
M	Mælanleg	þú verður að vita hvenær þú hefur náð þeim.
A	Aðlagandi	þú verður að geta náð þeim.
R	Raunhæf	það má ekki taka of langan tíma að ná þeim.
T	Tímasett	settu lokatíma á markmiðin.